



Fornleifaskráning í Dalabyggð vegna fyrirhugaðs ljósleiðara
um sunnanverðan Gilsfjörð



Hermann Jakob Hjartarson
2019

Forsíðumyndin (nr.1) sýnir túngarð í landi Ólafsdals. (Fornleifar nr. 151. Horft mót SA.
Ljósm. HJH 2019).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Hermann Jakob Hjartarson
Unnið fyrir Dalaveitur
Ágúst 2019

Inngangur

Að beiðni Dalaveitna ehf. kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið ljósleiðara um sunnanverðan Gilsfjörð. Er lagnaleiðin sýnd á loftmyndum 2 og 3. Staðsetning fornleifa/minja er sýnd á myndum 4-8.

Skráðar voru minjar frá bænum Lindarholt, þaðan inn í Gilsfjörð og endað á Gilsjarðarbrekku í botni fjarðarins. Skráð var fyrir heimtaugum að Lindarholti, Ólafsdal, Kleifum og Gilsfjarðarbrekku.

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem örnefnaskrár, túnakort, sýslu- og sóknarlýsingar og jarðabækur.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram dagana 29-30. júlí og 6. ágúst 2019. Veður var gott meðan á vettvangsvinnu stóð. Kannað var svæði sín hvoru megin við hina fyrirhuguðu ljósleiðaralögn, eða allt að 20 m hvoru megin.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmynda með staðsetningu fornleifa.

Margar gagnlegar upplýsingar fengust hjá ýmsum ábúendum þar sem til þeirra náðist. Er þeim öllum þakkað fyrir. Fulltrúi verkkaupa var Sæþór Sindri Kristinsson hjá Dalaveitum og um kortavinnslu sá Kristján Ingi Arnarsson og höfundur.

Leið ljósleiðara


Ljósleiðari í Dölum 2018 - Leið 6, Saurbær 50 - að Ólafsdal

Skýringar:

Ljósleiðari - stofn
Ljósleiðari - heilmæði
Míla - simtengur



Rarik - hitaveita
Rarik - loftlína
Rarik - jarðstrengur



Teiknað: Kristján Ingi Arnarsson, Dalabyggð

Dags.: 08.10.2018 - DRÖG

Mynd 2.

Ljósleiðari í Dölum 2018 - Leið 6, Saurbær
51 - að Kleifum og Gilsfjarðarbrekku



Mynd 3.

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annars staðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?	Mótv.
149	Leið	1	Ljósleiðari	Mikil	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
150	Rúst	1	Ljósleiðari	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert (5)	Talsvert (5)	Nei	Engar
151	Garður	1	Ljósleiðari	Talsverð	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Flöggun
152	Garður	1	Ljósleiðari	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
153	Brú	1	Ljósleiðari	Engin	Horfið	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
154	Kvjar	1	Ljósleiðari	Talsverð	Horfið	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Eftirlit
155	Skemma	1	Ljósleiðari	Lítill	Horfið	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
156	Vegur	1	Ljósleiðari	Engin	Sæmilegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
157	Taðir	1	Ljósleiðari	Mikil	Horfið	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Eftirlit
158	Vegur	1	Ljósleiðari	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Engar
159	Beðasléttur	1	Ljósleiðari	Lítill	Sæmilegt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
160	Smiðja	1	Ljósleiðari	Lítill	Ágætt	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Engar
161	Útihús	1	Ljósleiðari	Mikil	Horfið	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Eftirlit
162	Útihús	1	Ljósleiðari	Talsverð	Horfið	1550-1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Eftirlit
	Fjöldi:	14				Meðaltal:	5	5		


Tafla yfir fornleifar/minjar á lagnaleiðinni. Hér er gengið út frá því að hinar fyrirhuguðu framkvæmdir valdi tímabundinni hættu og mat lagt á hana. Að öðru leiti er vísað í meðfylgjandi fornleifaskrá vegna þeirrar hættu sem kann að stafa af annarri viðvarandi hættu. Mótvægisáðgerðir miðast við að ekki sé hægt að tryggja öryggi fornleifanna/minjanna.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Í nágrenni hins fyrirhugaða ljósleiðara varð vart við talsverðan fjölda fornleifa sem ekki voru skráðar vegna þess að þær voru utan við könnunarsvæðin.

Samtals voru 14 fornleifar/minjar skráðar undir 14 minjanúmerum í tengslum við vettvangskonunina. Engar minjar teljast hafa hátt minjagildi. Átta fornleifar töldust hafa talsvert minjagildi og sex fornleifar teljast með lágt minjagildi.

Helstu fornleifar


Umfangsmestu fornleifarnar sem eru á skráningarsvæðinu er þjóðleiðin (149) sem liggur í sama farvegi og ljósleiðarinn mun fara. Leiðin er neðst í hlíðinni, niður við sjóinn og var í raun eina leiðin sem hægt var að fara áður en nýi vegurinn (sem er mun ofar í hlíðinni) kom. Leiðin sem skráð var er um 5 km, en hluti hennar er horfinn. Meintur smalakofi (150) er undir Ytri-Ólafsdalshlíð. Á Ólafsdalseyri er garður (151) sem er utan um Eyrartún, innan túnsins eru svo fleiri fornleifar sem ekki voru skráðar að þessu sinni. Austan við heimreiðina að Ólafsdal er svo garður (152). Aðrar fornleifar sem sást til og vitað er um, eru við gamla skólahúsið í Ólafsdal. Þær minjar hafa áður verið skráðar vegna deiliskipulags í Ólafsdal árið 2016 (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 2016). Engar fornleifar fundust við Lindarholt, Kleifa eða Gilsbrekku.




Mynd 4. Vestasti hluti þjóðleiðarinnar (149) merktur rauður. Væntanlegur ljósleiðari er merktur blár (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).




Mynd 5. Mið-hluti þjóðleiðarinnar (149) merktur rauður. Væntanlegur ljósleiðari er merktur blár. (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).



Mynd 6. Austasti hluti þjóðleiðarinnar (149), rúst (150) og garður (151).
Væntanlegur ljósleiðari er merktur blár (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og



Mynd 7. Garðar (151 og 152) ásamt þjóðleið (149) og heimild um brú (153, áætluð staðsetning) (Kortavinnsla: Kristján Ingi Arnarsson og HJH).



Mynd 8. Staðsetning fornleifa við skólahúsið í Ólafsdal. Ath. að traðirnar sem teiknaðar eru inn fyrir sunnan veginn eru endurhlaðnar og eru í sjálfu sér ekki fornleifar (Kortavinnsla: Kristján Íngi Arnarsson og HJH).

Niðurstaða

Þjóðleiðin (149) telst vera í mikilli hættu en væntanlegur ljósleiðari mun liggja í farvegi vegarins á stórum köflum. Traðir (157) og útihús (161) eru horfin en teljast þó í mikilli hættu þar sem væntanlegur ljósleiðari fer í eða við þann stað þar sem húsin stóðu. Garðurinn (151) utan um Eyrartún telst í talsverðri hættu vegna nálægðar við væntanlegan ljósleiðara. Horfnar kvíar (154) og horfið útihús (162) teljast einnig í talsverðri hættu þar sem heimildir eru um að minjarnar hafi staðið rétt við framkvæmdarsvæðið. Aðrar fornleifar teljast vera í lítilli hættu. Þó fornleifar teljist horfnar geta leifar þeirra enn fundist undir yfirborði.

Líklega er hægt að breyta um lagnaleið í flestum tilfellum, en þar sem það er ekki hægt þarf mótvægisaðgerða við. Á bæjarstæðum þeim sem ljósleiðarinn mun liggja að var yfirleitt ekkert að sjá á yfirborði vegna sléttunar og byggingaframkvæmda á seinni tímum. Gröftur heima við bæi gæti líklega þarfnast framkvæmdaefirlits í Gilsfjarðarbrekku og Ólafsdal á meðan vinna stendur yfir þar, Minjastofnun ákvarðar nánar um það atriði.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgerð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Dalasysla: Sýslu og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003). Reykjavík: Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns - Sjötta bindi (1938). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Kortasafn LMÍ: Óspakseyri - Gilsfjörður (1911). Skráningarnúmer: 2001-1427

Lög um menningarminjar. Nr. 80. 29. júní 2012.

Örnefnaskrá Kleifar. Örnefnastofnun

Örnefnsskrá Ólafsdalur. Örnefnastofnun.

Örnefnaskrá Stóra- og Litla-Holt. Örnefnastofnun

Túnakort Kleifar (1918)

Túnakort Ólafsdalur (1884)

Túnakort Ólafsdalur (1887)

Túnakort Ólafsdalur (1888)

Túnakort Ólafsdalur (1905)

Túnakort Ólafsdalur (1918)

Fylgirit

Fornleifaskrá: Dalabyggð nr. 149-162

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			149
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Stóra Holt/Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	29.7.2019	E 367819.40 N 549235.70	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Þjóðleið		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Mikil	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Nær frá Djúpadal við mynni fjarðarins og að Ólafsdalseyrum. Í Djúpadal kemur leiðin úr suðri að sjónum og liggur svo yfirleitt við sjóinn inn fjörðinn að Ólafsdalseyrum.

Heimildir og munnmæli

Kortasafn LMI: Óspakseyri - Gilsfjörður (1911)
Skráningarnúmer: 2001-1427

Dalasýsla: Sýslu og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1855 (2003). bls. 166

Lýsing

Leið

Leiðin er mis sýnileg, sumstaðar er hún horfin vegna ágangs sjávar eða vegna skriðufalla. Skráð var um 5 km. leið.

Gatan er allt að 3 m að breidd. Á stökum stað sjást kantsteinar norðan megin.

Hæð kantsteina er 0,2-0,4 m.

Leiðin sést á herforingjaráðskorti frá 1911.

Í sýslu og sóknarlýsingu frá miðri 19. öld er sagt frá því að þjóðleiðin liggi þarna um.

Ekki var öll leiðin skráð.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi leiðarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			150
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 370670.63 N 549563.97	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Rúst	Smalabyrgi	Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	5	Talsvert	5		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Um 20 m norður frá vegi í aflíðandi brekku. Til suðurs er brattari brekka sem liggur niður að sjó.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá Ólafsdalur. Örnefnastofnun.

Lýsing

Rúst

4 x 3 m að stærð. Breidd veggja 0,3-0,4 m. Hæð veggja um 1 m. Tveir inngangar, til norðurs og suðurs.

Í örnefnaskrá segir að svæðið heiti Byrgismýri og gæti verið um smalabyrgi að ræða.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi rústarinnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			151
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	29.7.2019	E 371738.3 N 549818.1	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður	Túngarður	Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Timab. hættumat	Timab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Á Ólafsdalseyrum. Liggur í kringum tún sem kallast Eyrartún, en það liggur að fjöru.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá Ólafsdalur. Örnefnastofnun.

Lýsing

Garður

Grjóthlaðinn garður. Hæð: 0,4-1,2 m. Breidd 1,2-1,4 m. Liggur í boga í kringum túnið.

Í vestur enda garðsins fer hann fyrir læk og stíflar lækinn. Inn á túninu er rústir og beðasléttur sem ekki voru mældar inn.

Aðeins hluti garðsins var mældur inn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			152
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372297.8 N 549964.9	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Garður		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Skepnur	Lítill	Ágætt	1550-1900		Ljósleiðari	Engin	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Liggur samhliða heimreiðinni að Ólafsdal. Byrjar að norðan rétt utan við nýlega girðingu og endar við læk.

Heimildir og munnmæli

Túnakort Ólafsdalur (1905)

Lýsing

Garður

Grjóthlaðinn garður. Hæð: 0,4-1,2 m. Breidd 1,2-1,4 m.

Um 220 m langur. Hæð frá 0,2-1. Breidd: 1,2 m. Rof er í garðinum í um 70 m fjarlægð frá nyrðri enda hans. Syðsti hluti hans er gróinn grasi og gæti verið eldri en nyrðri hlutinn

Sést á túnakorti frá 1905.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi garðsins þarf að rannsaka hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			153
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372369.0 N 549653.7	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Heimild um Brú		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Horfið	1550-1900	1918<		Engin	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Lá yfir Ólafsdalsá, 190 m NV frá skólahúsinu.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016).
Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal:
Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík:
Fornleifastofnun Íslands. (bls. 44).

Lýsing

Heimild um brú

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:
„Á ljósmynd frá því um 1900 sést að brú hefur verið
yfir Ólafsdalsá um 190 m norðvestur af skólahúsi,
beint niður af stykki þar sem sjást beðasléttur 093.
Á þessum slóðum er áætlað að gera brú skv.
deiliskipulagstillögu. Áreyrar eru beggja megin við
ána. Engar leifar sjást nú af brúnni. Af myndinni að
dæma hefur hún verið úr timbri, að líkindum með
grjóthloðnum undirstöðum og sennilega nægilega
breið fyrir hestvagn. Vegur virðist hafa legið að
brúnni úr vestri en engin merki sjást um hann nú,
og ekki heldur um brúna"

Punktur tekinn á því svæði þar sem brúin var, ekki
nákvæm staðsetning.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Horfin

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			154
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372445.3 N 549580.1	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Kvíar		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Horfið	1550-1900	1918<		Talverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Norðan við heimreið, þar sem vegurinn beygir í átt að skólahúsinu.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (bls. 19)
Túnakort Ólafsdalur (1905)
Túnakort Ólafsdalur (1918)

Lýsing

Heimild kvíar

Kvíarnar sjást á túnakortum frá 1905 og 1918. Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir: „Samkvæmt túnakortum frá 1905 og 1918 voru kvíar út við vesturmörk túnsins, norðan við vesturenda traðanna 012. Þær sjást ekki á korti frá 1888 og hafa því verið reistar eftir það. Kvíarnar sjást einnig á ljósmynd frá því um 1900. Þar sést að þær hafa verið hlaðnar úr torfi og grjóti og hafa haft sérstakan suðurgöfl en ekki verið samhlaðnar traðarendanum. Túnendi, vegur er sunnan við og sveigir svo í norður - það er heimkeyrslan. Kvíarnar eru horfnar, enda var þessi hluti túnsins sléttaður upp úr 1970. Þó eru grænkulínur í túni aðeins ofan við staðinn en virðast ívið of ofarlega til að stemma við túnakortin. Staðsetning kvíanna er áhugaverð, enda hafa þær blasað við öllum sem komu heim að Ólafsdal. Þær hafa af kortum að dæma verið um 10 x 5 m stórar frá N-S og snúið með op í norðurátt.”

Punktur tekinn á því svæði þar sem kvírnar voru, ekki nákvæm staðsetning.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			155
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372457.4 N 549561.3	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Skemma							Gilsfjörður 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Horfið	1550-1900	1900<		Lítill		
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?		Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei		Nei		

Lega og staðhættir

Sunnan við heimreiðina, þar sem vegurinn beygir.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016).
Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal:
Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík:
Fornleifastofnun Íslands. (bls. 19).
Túnakort Ólafsdalur (1918)

Lýsing

Heimild um skemmu

Skemman sést á túnakortum frá 1918.

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:
„Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útið, þar merkt skemma, út við vesturmörk túnsins, um 20 m sunnan við kviarnar (013) og fast sunnan við vesturenda traðanna 012. Húsið er sömuleiðis á þessum stað á korti frá 1905, en ekki hefur það skilgreint hlutverk þar. Þetta húsið mun einnig hafa gegnt hlutverki hesthúss. Húsið er nú horfið, en það er eitt þeirra mannvirkja sem var slétt á tún um 1970. Tún. Húsið sést vel á ljósmynd sem tekin var um 1900. Það var hlaðið í grunninn úr torfi og grjóti en hafði timburstafna sem sneru í austur og vestur. Nú sjást engar mannvirkjaleifar á þessum stað en þar er nú grjóthrúga og mól í sverði.“

Punktur tekinn á því svæði þar sem skemman var, ekki nákvæm staðsetning.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			156
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372450.9N 549550.6	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vegur		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landeyðing	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Engin	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Liggur meðfram túninu, utan í hlið.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (bls. 42).

Lýsing

Vegur

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:

„Vegur liggur meðfram vesturhlið túnsins, í sneiðing utan í brattri brekku. Vegurinn hefur legið meðfram vesturhlið túns, utan í brattri brekku sem markar það að vestan - frá tröðum 012 til suðurs og sveigir síðan upp brekkuna til SA. Vegur þessi sést ekki á tunakortum, enda strangt til tekið utan við tún. Groin brekka, brott mót vestri. Vegurinn sést ágætlega á um 130 m löngum kafla. Hann er alveg groinn en mótar þó vel fyrir honum og er hann víðast hvar 2-3 m á breidd en þó talsvert siginn og úr lagi genginn. Hann liggur til suðurs frá tröðum 012 (á upptök um 15 m sunnan við heimreið) og hefur væntanlega mætt kerruvegi 007 suðvestan við fjósið 004, þótt ekki sjái fyrir vegamótunum nú. Efri brúin er greinilegur grjóthlaðinn kantur, misheillegur en víða úr mjög stóru grjóti sem sumt er hrúnið inn á brautina sjálfa. Það virðist ekki vera grjót sem hefur verið sprengt fyrir, eins og víða sést í husveggjum úr tíð Torfa. Heillegasti hlutinn af hleðslunni er suðaustast uppi á brekkubrún, hlaðið horn sem er aðiðs gróið að hluta. Neðri kantur vegarins hefur verið lagaður til en sér ekki mikið fyrir hleðslum af nema helst nyrst. Sennilega hefur þetta verið kerruvegur þótt hann sýnist mjór á köflum. Hleðsla að ofanverðu nær allt að rúmum metra á hæð.“

Ef gengið er eftir veginum frá norðri kemur rof í hann eftir um 26 m. Vegurinn var teiknaður að rofinu.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vegarins þarf að rannsaka hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			157
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372511.5 N 549559.9	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Traðir		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Horfið	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Voru þar sem heimreiðin er við bæinn og lágu að túnjaðri í vestri.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (bls. 18).
Halla Steinhólfisdóttir. Munnleg heimild.
Túnakort Ólafsdalur (1884)
Túnakort Ólafsdalur (1888)
Túnakort Ólafsdalur (1905)
Túnakort Ólafsdalur (1918)

Lýsing

Heimild um traðir

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:

„Samkvæmt túnakortum frá 1888, 1905 og 1918 lágu traðir upp að skólahúsinu frá vestri til austurs. Þær hafa afeldri túnakortum að dæma haldið afram alla leið upp að gamla bæjarstæðinu (001) og sjást þar enn leifar af upphlöðnum vegi, sjá 095. Í athugasemdum við ornefnaskra segir: "Í átt til bæjar og niður af Háavelli er brekka, sem heitir Barð. Í átt að ánni með henni niður að Tröð og neðan húss heitir Bæjarvöllur. Þá er Tröðin niður úr túni niður á árbakkann." Nu liggur malarvegur upp að skólahúsinu úr vestri þar sem traðirnar voru. Þeim var rutt út ásamt fleiri húsaleifum um 1970 en nú hefur syðri traðarveggurinn verið endurhlaðinn að hluta. Syðri veggurinn er hlaðinn úr grjóti og er 40-50 m langur, nær niður á h.u.b. miðjan Bæjarvöll en svo heitir túnskikinn vestan við skólahúsið. Af túnakorti frá 1905 að dæma hafa traðirnar verið breiðari en aðrir vegir á svæðinu og fremur rúmar miðað við það sem gengur og gerist með traðir, líklega allt að 6-8 m breiðar."

Við þetta má bæta að það sést einnig móta fyrir tröðunum á túnakorti frá 1884.

Mældar voru uppistandandi traðir sem voru endurbyggðar um 2010. Teikning og mynd hér til hliðar eru af þessum nýju tröðum.

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			158
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372516.8 N 549571.3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Vegur		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Mikil	Lélegt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Voru þar sem heimreiðin er við bæinn og lágu að svæði sem kallast Rústarvöllur til austurs og að túnjaðri til vesturs.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (bls. 35).
Halla Steinþólfssdóttir. Munnleg heimild.
Túnakort Ólafsdalur (1905)
Túnakort Ólafsdalur (1918)

Lýsing

Vegur

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:

„Óljósar leifar af upphloðnum vegi sjást norðan við skólahús, við vesturendann á beðasléttum 008 að mjög oljósri toft 042 sem er fast við minnismerkið af Torfa og Guðlaugu. Vegur er sýndur á þessum stað á túnakorti frá 1905 en ekki á eldri kortum. Vegurinn sést ágætlega á ljósmynd frá því um 1900. Gröðugt tun. Vegurinn er nær alveg jarðlægur, rís aðeins 0,1-0,2 m yfir yfirborð, sléttur að ofan og um 2,5 m breiður. Hann liggur að toft 042 og var mældur upp á þeim kafla sem er rumlega 20 m langur en af skámynd sem tekin var úr flygildi er ljóst að hann hefur náð lengra - haldið áfram norðan við toftina a.m.k. 20 m til viðbótar en þá heldur meira í norðaustur. Á túnakortinu er ekki gerður greinarmunur á skurðurm og vegum en þó virðist ljóst að vegur þessi hafi legið áfram ut a tún sem hét Skjöldur, alls um 60-80 m vegalengd.“

Í dag er svæðið þar sem vegurinn var, notaður sem bílastæði og í vettvangsferð sást mjög lítið af veginum.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vegarins þarf að rannsaka hann með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			159
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372517.3 N 549571.8	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Beðasléttur		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Ljósleiðari	Lítill	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Fríðlýsa?	Fríðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Í túni norðan við skólahúsið.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (bls. 17).

Lýsing

Beðasléttur

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir: „Beðasléttur eru í túni fast norðan við skólahús og heimkeyrslu, ofan við minnismerkið af Torfa og Guðlaugu. Grösugt tún. Þetta er ofan á hahæð sem hallar að mestu leyti frá til vesturs og norðurs. Rafmagnskassi hefur verið settur niður í austurenda beðasléttanna um miðbik svæðisins og er ekki til mikillar þryði. Girðing er við norðausturhornið á sléttunum. Þetta eru allra greinilegustu beðasléttur í Ólafsdal, ekkert teknað að hlaupa í þufur, og má sennilega þakka það því hversu þurrlegt er á staðnum. Þær eru kuptari en gengur og gerist með aðrar sléttur á svæðinu, sérstaklega í miðjunni, allt að 0,5 m háar og liggja frá austri til vesturs, alls 8-9 talsins og ná yfir svæði sem er alls um 50 x 30 m stórt frá norðri til suðurs. Lengstu sléttur eru nyrst en þær smástyttast til suðurs. Sérhver slétta er um 5 m breið að jafnaði, allt frá tæpum 5 m og upp í tæpa 6. Aðeins örlítill halli er á svæðinu til austurs, að bæjarlæk 064 sem þar rennur meðfram austurenda sléttanna frá norðri til suðurs. Leifar af vegi 073 liggja meðfram sléttunum að vestanverðu.”

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			160
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372532.7 N 549553.9	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Smiðja		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ábúð	Lítill	Ágætt	1550-1900	1930	Ljósleiðari	Lítill	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Við norðaustur-horn skólahúss. Malarvegur liggur fyrir norðan og vestan rústina.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016). Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal: Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands. (bls. 12).


Túnakort Ólafsdalur (1888)
Túnakort Ólafsdalur (1918)

Lýsing

Smiðja

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir: „Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð hús skammt austan við skólahúsið norðanvert. Þetta var smiðja. Til eru gamlar ljósmyndir af smiðjunni, bæði teknar úr austri og vestri eða suðvestri, líklega skoömmu eftir 1900. Hún var úr timbri og sneri stofnum í norður og suður en lægri skúrbygging var meðfram austurhlidinni. Grunnurinn undan smiðjunni sést enn vel 5-6 m austan við skólahúsið og beint norðan við mjólkurhúss. Væntanlega hefur smiðjan verið risin fyrir 1888 en á túnakort frá því ári sést bygging á þessum stað. Smiðjan mun hafa verið rifin upp úr 1930. Á hlaðinu austan við skólann. Grunnurinn er grjóthlaðinn, alls um 8 x 7 m stór frá norðri til suðurs og virðist bæði aðalhlúsið og skúrbyggingin hafa staðið á honum. Grunnurinn er að mestu groínn að ofanverðu en hlaðinn kantur sést að utanverðu, hæstur að norðan, allt að 0,4 m. Auk þess sjást leifar af hlaðinni stétt meðfram grunninum að norðan og vestan - hún sést einnig á ljósmynd frá því um 1900. Þústin lækkar og fjarar út til suðurs. Norðan til í þústinni vottar fyrir grjóti í dæld og lítur helst út eins og leifar af hlaðinni þó, um 2 x 1 m frá norðri til suðurs - þetta gæti þó verið seinni tíma rask. Alveg jarðlæg og einföld hleðsla sést til suðurs frá grjótinu.“

Teikning/ljósmynd



Ljósmynda



Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			161
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372463.8 N 549673.3	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Útihús		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Horfið	1550-1900		Ljósleiðari	Mikil	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Við norðaustur-horn skólahúss.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016).
Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal:
Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík:
Fornleifastofnun Íslands. (bls. 47).

Túnakort Ólafsdalur (1882-1883)

Lýsing

Heimild um útihús

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:
„Hús á túnakorti 1882-83 fast norðan við traðir
012, skammt frá norðausturhorni skólahússins.
Staðurinn var ekki skoðaður á vettvangi en þó nær
víst að þar sjást engar mannvistarleifar á yfirborði.
Ekki er ljóst hvaða hlutverki húsið gegndi.“

Ekkert sést til minjanna.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Dalasýsla	Dalabyggð			162
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Ólafsdalur				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Hermann Jakob Hjartarson	30.7.2019	E 372532.7 N 549553.9	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Útihús		Gilsfjörður 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Ekkert	Engin	Horfið	1550-1900		Ljósleiðari	Talsverð	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Við norðaustur-horn skólahúss.

Heimildir og munnmæli

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2016).
Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í Ólafsdal:
Viðauki með deiliskipulagsgreinargerð. Reykjavík:
Fornleifastofnun Íslands. (bls. 47).

Túnakort Ólafsdalur (1882-1883)

Lýsing

Heimild um útihús

Minjarnar hafa áður verið skráðar, þar segir:
„Hús er sýnt á túnakorti 1882-83 fast norðan við
traðirnar 012 og nánast við norðvesturhorn
skólahússins. Staðurinn var ekki skoðaður á
vettvangi en þó nær víst að þar sjást engar
mannvistarleifar á yfirborði. Ekki er ljóst hvaða
hlutverki húsið gegndi..“

Ekkert sést til minjanna.

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ljósmyndari

Hermann Jakob Hjartarson

Filma nr./teg. myndar

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.